

Alþingi
Erindi nr. P 136/1474
komudagur 25.3. 2009

Reykjavík 23. mars 2009

**Nefndarsvið Alþingis,
Allsherjarnefnd,
Árni Páll Árnason formaður,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík**

Varðar umsögn um frumvarp allsherjarnefndar til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993 með síðari breytingum, þingskjal nr. 747 – 438. mál.

Allsherjarnefnd alþingis hefur nú lagt fram frumvarp til breytinga á skaðabótalögum, sjá þskj. 747-438. mál.

Með vísan til forsögu þessa máls vænti ég þess að einhugur hafi verið um það innan allsherjarnefndar að leggja frumvarpið fram í þeirri mynd sem raunin hefur orðið á. Ég ætla því ekki í þessum skrifum að endurtaka hér minn fyrri málflutning varðandi þetta mál. Tilgangur minn með þessum skrifum er annar.

Í greinargerð með 1. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að rök allsherjarnefndar fyrir breytingunum eru ekki hvað síst þau að ekki sé eðlilegt að sá sem rétt á til bóta skv. skaðabótalögum beri þá framtíðaróvissu sem tengd er bótarétti frá almannatryggingum. Með því að einskorða frádráttinn við eingreiddar örorkubætur sbr. 5. mgr. 34. gr. almannatryggingalaga virðist nefndin þannig líta svo á að sú óvissa sé úr sögunni þar sem eingöngu sé verið að draga frá bætur sem þegar hafa verið greiddar.

Með vísan til þessara raka að baki 1. gr. frumvarpsins tel ég tel ég því rétt að benda nefndinni á eftirfarandi.

Í 33. gr. almannatryggingalaga nr. 100/2007 kemur fram að sá sem verður fyrir bótaskyldu slysi skv. almannatryggingalögum kann að eiga rétt á dagpeningagreiðslum. Dagpeningar greiðast almennt ekki nema í 52 vikur. Að

loknum 52 vikum er hins vegar ekki endilega ljóst hvort eða hver varanleg örorka verður. Í 7. gr. laga nr. 99/2007¹ um félagslega aðstoð er því heimild til greiða endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar lýkur eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Fjárhæð mánaðarlegs endurhæfingarlífeyris er sú sama og örorkulífeyris. Að þessu tímabili loknu kann tjónþoli að vera metinn til örorku og fá t.d. í framhaldinu eingreiddar örorkubætur eða mánaðarlegan örorkulífeyri.

Samkvæmt skaðabótalögum líkur tímabili tímabundins atvinnutjóns og tímabil varanlegrar örorku tekur við þann dag sem heilsufar tjónþola er orðið stöðugt í skilningi 2. gr. laganna, þ.e. á svokölluðum stöðugleikatímamarki. Sú staða getur því komið upp að heilsufar tjónþola telst vera orðið stöðugt á því tímamarki þegar hann er enn að fá greidda dagpeninga frá almannatryggingum. Síðan gæti tjónþoli t.d. fengið endurhæfingarlífeyri frá almannatryggingum í 12 mánuði til viðbótar áður en hann verður metinn til örorku og fær eftir atvikum greiddar örorkubætur á grundvelli 5. mgr. 34. gr. almannatryggingalaga. Þá er spurningin. Ber að draga dagpeningagreiðslur og endurhæfingarlífeyri sem tekur til tímabils eftir stöðugleikatímamark frá bótum fyrir varanlega örorku.

Hér eiga ekki við rök allsherjarnefndar um óvissu tengda því hvort tjónþoli haldi bótarétti sínum til framtíðar enda hafa bæturnar, dagpeningar/endurhæfingarlífeyrir, þegar verið greiddar. Séð í því ljósi ættu þessar greiðslur að koma til frádráttar, þ.e. sömu rök tala fyrir því að dagpeningagreiðslur og endurhæfingarlífeyrir dragist frá skaðabótum á grundvelli 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga eins og gildir um eingreiddar örorkubætur sbr. 5. mgr. 34. gr. almannatryggingalaga. Verði frumvarp allsherjarnefndar hinsvegar samþykkt óbreytt kann að vera mjög erfitt að komast framhjá ótvíræðu orðalagi ákvæðisins þ.e. að aðeins eingreiddar örorkubætur skuli koma til frádráttar. Niðurstaðan yrði þá væntanlega sú að dagpeningar sem greiddir eru vegna þess tímabils eftir að tímabundnu atvinnutjóni skv. 2. gr. skaðabótalaga lýkur eða endurhæfingarlífeyrir kæmu ekki til frádráttar þrátt fyrir að þessar bætur væru þegar greiddar er skaðabótauppgjörið fer fram og því engin framtíðaróvissa þeim tengd fyrir þann sem bótaréttinn á.


Með vísan til framangreindra raka allsherjarnefndar í greinargerð með 1. gr. frumvarpsins og þess sem hér hefur verið sagt, vildi ég því varpa fram þeirri hugmynd að 1. gr. frumvarpsins yrði breytt með eftirfarandi hætti í meðförum þingsins.

¹ Greiðslur frá almannatryggingum í skilningi 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga geta hvort heldur sem er verið greiðslur á grundvelli almannatryggingalaga nr. 100/2000 eða laga um félagslega aðstoð nr. 99/2000. Sjá t.d. Hrd. frá 18. september 2003 í máli nr. 520/2002.

1. gr.

Í stað orðanna „greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: dagpeningar og eingreiddar örorkubætur, sbr. 33. gr. og 5. mgr. 34. gr. almannatryggingalaga nr. 100/2007 og endurhæfingarlífeyrir, sbr. 7. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Sigurðsson prófessor
Háskólinn í Reykjavík, Lagadeild.
Ofanleiti 2,
103 Reykjavík
s. 5996405